

**Söfnunarreikningar nemenda í 6.-10. bekk Álftanesskóla  
sem Foreldrafélag Álftanesskóla hefur umsjón með**

**REGLUR**

1. Hver árgangur frá 6. upp í 10. bekk á sérstakan söfnunarreikning sem Foreldrafélag Álftanesskóla hefur umsjón með. Söfnunarreikningar fylgja árgöngum út 10. bekk.
2. Markmið söfnunarreikninga er margþætt en fyrst og fremst að létta undir með foreldrum/forráðamönnum í tengslum við skipulagðar skólaferðir nemenda og útskriftarferð þeirra við skólalok í Álftanesskóla.
  - a. Skólaferðir nemenda í Álftanesskóla eru:
    - i. Ferð nemenda í 7. bekk að Reykjum í Hrútafirði
    - ii. Ferð nemenda í 9. bekk að Laugum í Sælingsdal
    - iii. Útskriftarferð nemenda í 10. bekk
  - b. Viðmiðunarkostnaður (2015) á hvern nemenda er eftirfarandi:
    - i. Reykir um 30.000 kr. (gisting, uppihald og rúta)
    - ii. Laugar um 25.000 kr. (gisting, uppihald og rúta)
    - iii. Útskriftarferð 25.-30.000 kr.
3. Gjaldkeri Foreldrafélagsins hefur einn heimild til millifærslu eða greiðslu út af þessum reikningum í samráði við kjörna bekkjarfulltrúa.
  - a. Millifærslur eða greiðslur út af þessum reikningum skulu fyrst og fremst tengjast fyrrnefndum skólaferðum nemenda nema bekkjarfulltrúar í samráði við foreldrahópinn ákveði annað.
  - b. Á aðalfundi Foreldrafélagsins skal gjaldkeri þess greina frá innstæðu eftirfarandi söfnunarreikninga allra árganga frá 6.-10. bekk samhliða kynningu á ársreikningi félagsins:
    - 2003/2008/2013 - 0140-26-011483
    - 2002/2007/2012 - 0140-26-011487
    - 2001/2006/2011 - 0140-26-011486
    - 2000/2005/2010 - 0140-26-011485
    - 1999/2004/2009 - 0140-26-011484
4. Bekkjarfulltrúar hvers árgangs frá 6.-10. bekk hafa það hlutverk að halda utan um söfnunarreikninga nemenda og hlut hvers og eins nemanda innan hvers árgangs.
5. Bekkjarfulltrúar hafa þá ábyrgð að senda gjaldkera í lok hvers skólaárs afrit af sundurliðun á inneign og hlut hvers nemenda innan hvers árgangs.

6. Fjáraflanir Foreldrafélagsins eru valfrjálsar en allir hvattir til þátttöku. Fjáraflanir Foreldrafélagsins eru ýmist sameiginlegar eða safnað er í nafni hvers barns (sjá yfirlit yfir fjáraflanir Foreldrafélagsins sbr. 10. gr).
7. Hætti nemandi í skólanum þá getur nemandi/forráðamaður ekki gert tilkall til greiðslu fjárhæðar sem safnað hefur verið sameiginlega. Inneign safnað í nafni einstaklings má greiða út hætti barnið í skólanum.
8. Nýir nemendur fá hlutdeild í sameiginlegum fjáröflunum frá þeim tíma sem þeir koma í skólann.
9. Við lok 10. bekkjar skal söfnunarreikningur nemenda standa á núlli. Bekkjarfulltrúar í samráði við gjaldkera skulu því greiða nemendum út inneign sína ef einhver er.

Foreldrafélagið bendir á þann möguleika að nemendur geti sameinast um að verja inneign sinni ef einhver er til skólasamfélagsins á Álftanesi.

10. Þær fjáraflanir sem Foreldrafélag Álftanesskóla býður nemendum skólans að koma að eru:

**a. Jóla- og góðgerðadagur - kaffisala - fyrir nemendur í 10. bekk**

- i. Greiddur er hálfur hlutur fyrir þátttöku hvers nemanda.
- ii. Fylgi foreldri með nemanda skal hann þá fá samtals heilan hlut fyrir.
- iii. Ekki er greitt aukalega fyrir ef báðir foreldrar eða fleiri fylgja hverjum nemanda.
- iv. Ef annar en foreldri fylgir barni í fjáröflun skal sá hinn sami hafa náð að lágmarki 18 ára aldri.

**b. Öskudagur - fyrir nemendur í 10. bekk**

- i. Greiddur er hálfur hlutur fyrir þátttöku hvers nemanda.
- ii. Fylgi foreldri með nemanda skal hann samtals hljóta heilan hlut fyrir.
- iii. Ekki er greitt aukalega ef báðir foreldrar eða fleiri fylgja hverjum nemanda.
- iv. Ef annar en foreldri fylgir barni í fjáröflun skal sá hinn sami hafa náð að lágmarki 18 ára aldri.
- v. Nemendur fá 80% af ágóða dagsins en 20% af ágóðanum fer sem gjöf nemendahópsins til Elítunnar (félagsmiðstöðvarinnar) og skal nemendahópurinn taka ákvörðun um gjöfina í samráði við foreldra/bekkjarfulltrúa fyrir aðalfund Foreldrafélagsins á ári hverju.

**c. Páskabingó – fyrir nemendur í 9. bekk**

- i. Foreldrafélagið greiðir hverjum nemanda ákveðna upphæð fyrir þátttöku í bingóinu en hægt hefur verið að velja um tvær vaktir; síðdegis og um kvöldið sama dag.
- ii. Páskabingóið er stærsta fjáröflun Foreldrafélagsins. Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að leggja félaginu lið t.d. með því að aðstoða við að halda utan um viðveruskráningu nemenda og vera þeim til halds og trausts.
- iii. Þóknun Foreldrafélagsins er ákveðin af stjórn félagsins og ræðst af ágóða bingósins og stöðu Foreldrafélagsins hverju sinni.
- iv. Leitast skal við að þóknun til nemenda sé sambærileg milli ára þannig að hún hækki eða lækki eftir fjölda nemenda í árgangi.

**d. Dekurhorn nemenda í 7. bekk á Jóla- og góðgerðadegi**

- i. Innkoma skiptist jafnt milli allra nemenda í árgangi.
- ii. Bekkjarfulltrúar sjá um undirbúning og halda utan um skiplag á vöktum og þátttöku nemenda og foreldra yfir daginn.

**e. Jólamerkimiðar nemenda í 6. bekk – seldir á Jóla- og góðgerðadeginum og í hús á Álftanesi**

- i. Innkoma skal skiptast jafnt á milli allra nemenda að teknu tilliti til þess kostnaðar sem af verkefninu hlýst hverju sinni.
- ii. Bekkjarfulltrúar hlutast til um að nemendur og foreldrar hjálpi til við að pakka jólamerkimiðum í sölueiningar og ákveða verð með tilliti til kostnaðar.

Samþykkt af stjórn Foreldrafélags Álftanesskóla 2.júní 2015.